

áfrýjanda algerlega fyrir kærú hinnar stefndu. Nú hefir stefnda eigi áfrýjað málinu af sinni hálfu og verður dómnun eigi breytt henni í vil. Fyrir því verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm eins og hann er, og verður málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður eftir þessum úrslitum.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 3/1914 Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson
fyrir hönd Landsbanka Íslands

gegn

Hinriki Jónssyni og Júlíusi Kr. Einarssyni o. fl.

D ó m u r :

Með bréfi dags. 29. okt. 1904 veðsetti Einar Jónsson kaupmaður í Keflavík og fyrverandi hreppstjóri þar, Gunnari kaupmanni Gunnarssyni í Reykjavík með 1. veðrétti húseign með grunnréttindum og öðru tilheyrandi, er hann átti í Keflavík og virt hafði verið 24. sept. 1904 á 5830 kr., fyrir 3400 kr. skuld. Veðbréf þetta er undirskrifað í viðurvist tveggja vitundarvotta og í því ákveðið,

að selja megí veðið án undangengins dóms eða sátta, samkvæmt 15. gr. í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, ef ekki sé staðið í skilum með greiðslu skuldarinnar eða önnur ákvæði veðbréfsins séu ekki haldin. Veðbréf þetta var síðan selt Íslandsbanka að handveði, og lét bankinn að undangenginni aðvörun til skuldunauts selja veðbréfið á opinberu uppboði í Reykjavík þ. 20. maí 1911. Á uppboði þessu keypti Hinrik Jónsson bakari í Keflavík, stefndi í máli þessu, veðbréfið fyrir 2400 kr. og fékk sér það framselt til eignar. Er hann ekki fékk skuldina samkvæmt veðbréfinu greidda, lét hann samkv. 15. gr. í nýnefndum lögum gera fjárnám í eigninni. Var það fjárnám framkvæmt af fógeta Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. maí 1911. Er þá húseignin í fógetaagerðinni talin vera eign Guðbrandar Jónssonar í Reykjavík, og lýsir Einar Jónsson því yfir í réttinum, að húsið sé Guðbrandi selt, enda má af öðrum skjölum málsins sjá, að svo hafi verið. Eftir að fjárnám þetta var gert, var húseignin samkvæmt kröfu stefnda Hinriks Jónssonar auglýst til nauðungarsölu með auglýsingu dags. 19. júní 1911, er birt var þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu þessari er húseignin talin að vera eign Einars Jónssonar, fyrverandi kaupmanns í Keflavík, en Guðbrandar Jónssonar ekki getið sem eiganda. Samkvæmt þessari auglýsingu var svo húseignin boðin upp á þremur nauðungaruppboðum, 6., 13. og 20. júlí 1911, og á síðasta uppboðinu seld stefnda Hinriki Jónssyni fyrir 2500 kr. og afsöluð honum til eignar, óháð öllum veðböndum, að því er virðist. Hinrik Jónsson seldi svo síðar eignina Júlíusi Kr. Einarssyni í Keflavík, sem einnig er stefndur í máli þessu.

Eins og getið hefir verið, var Guðbrandur Jónsson orðinn eigandi búseignarinnar áður en fjárnamið 30. maí 1911 var gert, og með bréfi dags. 14. marz 1911 hafði hann veðsett eignina Péttri Zophoniassytli fyrir 3000 kr. skuld með öðrum veðrétti næst á eftir veðskuldinni til Gunnars Gunnarssonar, sem fyr getur um, og áður en þessi veðsetning fór fram var húseignin endurvirt á 5800 kr. Eftir að veðbréf þetta hafði gengið framsali milli nokkurra manna var það í maímánuði 1911 framselt Landsbanka Íslands til fullrar eignar og umráða. Er einnig svo ákveðið í veðbréfi þessu, að gera megi fjárnám í eigninni án undanfarins dóms eða sáttar, ef eigi sé staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta. Og er ekki var fullnægt ákvæðum veðbréfs þessa um vaxta og afborganagreiðslu, krafðist Landsbanki Íslands þess í bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dags. 29. ágúst 1912, að fjárnám yrði gert í eigninni til lúkningar skuldinni. Þessu svarar sýslumaðurinn með bréfi dags. 14. des. s. á. og skýrir þá frá því, að húseignin hafi verið seld á nauðungaruppboði 20. júlí 1911 samkvæmt kröfu 1. veðhafa fyrir upphæð, er ekki nægði til lúkningar veðskuld hans.

Er greind fjárnámsbeiðni Landsbankans var ekki tekin til greina, hafa bankastjórar Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbanka Íslands, að fenginni uppreisn dags. 19. jan. þ. á. með stefnu dags. 20. janúar. þ. á. áfryjað til yfirdómsins uppboði því, er fram fór á hinni veðsettu húseign 20. júlí 1911, og hafa þeir krafist þess, að uppboðsgerð þessari á húseigninni verði hrundið og hún úr gildi feld og salan á húsinu verði ónýtt með öllum síðari áorðnum gerningum þar að lút-

andi, og að Landsbankanum verði tildæmdur allur af máli þessu og áfrýjun leiðandi kostnaður eftir mati yfirdómsins. Hefir þeim Hinriki Jónssyni, er húseignina keyptu á uppboðinu, og Júlíusi Kr. Einarssyni, er seinna keypti eignina af Hinriki, verið stefnt til að svara til sakar í málinu, og ennfremur hefir, auk uppboðsráðanda, þeim Einari Jónssyni í Keflavík, og Guðbrandi Jónssyni í Reykjavík verið stefnt til að gæta hagsmuna sinna, ef einhverjir væru og ef þær vildu.

Af hinum stefndu hafa aðeins 2 hinir fyrstnefndu látið mæta fyrir yfirdóminum, og hefir þess af þeirra hálfu verið krafist, að uppboðsgerðin 20. júlí 1911 verði staðfest, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Áfrýjendur byggja kröfu sína um ómerkingu uppboðsins á því, að hin selda húseign hafi verið ranglega auðkend í uppboðsauglýsingunni, þar sem húsið í henni var talið eign Einars Jónssonar í stað Guðbrandar Jónssonar, er var eigandinn. Hafi þetta orðið þess valdandi, að eignin, er Landsbankinn átti 2. veðrétt í, hafi verið seld án vitundar bankans og honum þar með fyrirmunað að gæta réttar síns við uppboðið, er hann ella mundi hafa gert, en afleiðingin af því aftur orðið, að bankinn hafi tapað skuld sinni samkvæmt fyrgreindu skuldabréfi, með því að skuldunautur bréfsins sé öreigi, er ekki hefir verið mótmælt, og veðið eitt í húseigninni hafi gefið skuldabréfinu gildi.

Eins og áður var getið, var Guðbrandur Jónsson sá, er gefið hafði út skuldabréfið 14. marz 1911 með 2. veðrétti í húseigninni, orðinn eigandi hinnar seldu húseignar þegar uppboðsauglýsingin var gefin út og nauðungar-

uppboðin fóru fram. Er það því rangt, að uppboðsráðandi hefir tilgreint annan eiganda eignarinnar í uppboðsauglýsingunni. Og þar sem eignin ennfremur í uppboðsauglýsingunni er auðkend með þessu einu, að tilgreina eiganda hennar, má líta svo á, að þetta hafi orðið þess valdandi, að bankinn ekki lét mæta á uppboðinu til þess að gæta réttar síns, sem annar veðhafi og beðið tjón við það. Er þessi galli á auglýsingunni svo verulegur, að hún getur ekki álitist vera löglegur grundvöllur til þess á henni að byggja nauðungarsölu og ber því að ómerkja hana áfrýjuðu uppboðsgerð.

Stefndi, Júlíus Kr. Einarssonar, var ekkert viðriðinn hina áfrýjuðu uppboðsgerð, og verður því að sýkna hann af málskostnaðarkröfu áfrýjanda. En eftir framangreindum úrslitum þykir rétt, að dæma stefnda, Hinrik Jónsson, til að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð á ómerk að vera. Stefndi Hinrik Jónsson greiði áfrýjendunum Birni Kristjánsyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbanka Íslands málskostnað fyrir yfirdómi, 30 krónur, áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.